



## VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

### VEGNA INFLÚENSUFARALDURS COVID 19

19. mars 2020

## 1. Inngangur

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða er lúta að Tónlistarskóla Árnesinga í samræmi við áætlun Almannafræðinganna og viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar um viðbrögð við Covid 19 veirunni.

Markmiðin með viðbragðsáætluninni eru að tryggja skipulögð og markviss viðbrögð allra þeirra starfsmanna er starfa við Tónlistarskóla Árnesinga og allra þeirra nemenda er stunda þar nám.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Einnig er stuðst við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu sem unnin var 2009.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum skólastjóra Tónlistarskóla Árnesinga. Mikilvægt er að áætlunin sé endurskoðuð reglulega eftir því hvernig influensan Covid 19 kemur til með að þróast.

Á vef embættis landlæknis má finna leiðbeiningar til starfsmanna um einkenni influensu og Covid-19 og leiðir til að draga úr hættu á smiti.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum. Hún er aðgengileg á heimasíðu skólans [www.tonar.is](http://www.tonar.is).

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Selfossi 19. mars 2020



Helga Sigvatsdóttir  
skólastjóri

## 2. Virkjun viðbragðsáætlunar

### Markmið viðbragðsáætlunar

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans.

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um almannavarnastig vegna heimsfaraldurs gildir um virkjun þessarar áætlunar. Skólastjóri ber ábyrgð á að tilkynna starfsfólki skólans um ef virkja á viðbragðsáætlunina. Skólanefnd skal einnig upplýst um það.

Í viðbragðsteymi Tónlistarskóla Árnesinga eru:

Helga Sighvatsdóttir skólastjóri

Jóhann I. Stefánsson aðstoðarskólastjóri

Stefán I. Þórhallsson öryggistrúnaðarmaður

Magnea Gunnarsdóttir trúnaðarmaður

Viðbragðsteymið gætir þess að í skólanum séu til reiðu nýjustu upplýsingar frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins. Viðbragðsteymið annast einnig eftirfylgni um leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag og umgengisreglur á vinnustað og um meðferð sóttthreinsibúnaðar.

## 3. Áhættumat

### Almannavarnastig

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig sem skilgreina alvarleika þess ástands sem steðjar að. **Háskastigin eru: Óvissustig, hættustig og neyðarstig.**

Sóttvarnalæknir, landlæknir og ríkislögreglustjóri taka ákvörðun um umfang aðgerða hverju sinni og upplýsa viðbragðsaðila. Þegar þetta er ritað hefur verið lýst yfir neyðarstigi varðandi Covid-19.

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum yfirvofandi heimsfaraldurs þar sem tillit er tekið til afleiðinga. Ef veiran nær útbreiðslu hér á landi er líklegt að fjarvistir frá vinnu verði nokkrar. Mögulega má búast við að veikindi verði meira langvarandi en í árlegum influensufaraldri.

Fjarvistir starfsmanna og nemenda geta stafað af mismunandi ástæðum, til dæmis vegna:

- Smits af völdum kórónaveiru.
- Annarra veikinda.
- Annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokun leikskóla og skóla.
- Beiðna vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér.
- Beiðna heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann.
- Raskana á almenningsamgöngum eða ótta starfsmanna við að ferðast innan um hóp fólks.
- Ótta starfsmanna við að smitast ef þeir mæta til vinnu.

Ekki er hægt að spá fyrir með vissu hverjar fjarvistir á vinnustöðvum verða. Það veltur m.a. á því um hversu skæða farsótt er um að ræða, hvernig starfsfólk metur hættuna, hvort skólum er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum.

## 4. Upplýsingaskylda starfsmanna um eigin heilsu

Öllum starfsmönnum er skylt að láta næsta yfirmann vita ef viðkomandi:

- hefur ferðast til eða gegnum lönd, landsvæði eða borgir sem eru á skilgreindum svæðum með smithættu samkvæmt vef Landlæknis.
- hefur komið í snertingu eða návígi við einstakling sem er með eða grunaður um að vera með Covid-19 vírusinn. Eða einstakling sem er í sóttkví eða einangrun.
- hefur undanfarna 14 daga haft einkenni hósta, hita eða öndunarerfileika.
- er að koma erlendis frá, alveg einkennalaus þá ætti hann einfaldlega að sinna sínu lífi líkt og fyrr, mæta í vinnu o.þ.h. en gæta mjög vel að almennu hreinlæti, handþvottur, sprittun o.þ.h. og forðast einnig handabönd og líkamssnertingu. Ef hann hins vegar fær einhver einkenni flensu næstu daga eftir heimkomu þá skyldi hann halda sig heima og hringja í læknavaktina í síma 1700 og fá ráðleggingar þar.
- starfsmaður er að koma erlendis frá og finnur fyrir einhverjum flensulíkum einkennum: hiti, hósti og beinverkir. Þá skal hann vera í sambandi við yfirmann og meta hvort viðkomandi sé hæfur til vinnu.

Tilgangurinn með þessu er m.a. að við viljum forðast í lengstu lög að allar vinnustöðvar okkar lendi í sóttkví.

Ef grunur um sýkingu af völdum COVID-19 vaknar og starfsmaður upplýsir yfirmann um stöðuna, þá skal brugðist við á eftirfarandi hátt:

- Sá sem kann að vera sýktur fer samstundis í sóttkví.
- Við rökstuddan grun, er hringt í 1700 til að fá frekari ráðleggingar.

- Ef málið þolir enga bið, hringið í 112 og óskið eftir sjúkraflutningi.
- Vakthafandi lækni/sjúkraflutningamaður ber ábyrgð á framkvæmd áhættumats vegna gruns um COVID-19 sýkingu í samráði við umdæmislækni sóttvarna og sóttvarnalækni, vaktsími sóttvarnalæknis er 510-1933 og einnig vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í gegnum skilaboð 543-1000

## 5. Aðgerðir til að viðhalda starfsemi og viðhalda öryggi nemenda og starfsmanna

Skólastjóri fylgist daglega með fyrirmælum yfirvalda varðandi framgang veikinnar og undirbýr dagleg viðbrögð innan skólans samkvæmt því.

Reynt er eftir föngum að fækka smitleiðum innan vébanda skólans. Má í því sambandi nefna að komið hefur verið fyrir sótthreinsistöðvum (sprittbrúsum) sem eru aðgengilegir fyrir nemendur og starfsmenn.

Ef starfsmenn skólans verða varir við að nemendur séu með einhver flensueinkenni, verður umsvifalaust haft samband við foreldra og þeir látnir meta stöðu barna sinna.

Starfsfólk fylgist með eigin heilsu og fer heim ef þeir finna fyrir einkennum. Ekki skal fara á heilsugæslu heldur hringja eftir aðstoð. Starfsfólk á ekki að koma til vinnu ef það eru veikt og er ráðlagt að vera heima frá því einkenna verður vart og í 10 daga eftir að sóttthiti er horfinn. Starfsfólk sem mætir veikt til vinnu er umsvifalaust sent heim.

Reynt verður að halda uppi starfsemi innan tónlistaskólans eins lengi og unnt er, en fylgt verður fyrirmælum frá heilbrigðisyfirvöldum og almannavörnum. Ef til lokunar skólans kemur, þá er markmið að starfsmenn skólans haldi áfram störfum þó nemendur séu sendir heim vegna sóttvarnaráðstafana.

Ef skólanum berast fyrirmæli um lokun grunnskóla í héraðinu má búast við að tónlistarskólanum verði lokað á sama tíma.

Á lokunartíma munu kennarar skólans setja sig í samband við nemendur og benda þeim á ýmsar námsleiðir og æfingar, sem þeir geta unnið að heiman. Lögð er áhersla á að kennarar skólans veiti nemendum uppbyggjandi hvatningu til skipulags heimanáms og æfinga.

## 6. Einkenni Kórónaveiru (Covid - 19)

Einkenni líkjast helst influensúsýkingu, þ.e. hósti, hiti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. COVID-19 getur einnig valdið alvarlegum veikindum með neðri öndunarfærasýkingu og lungnabólgu, sem koma oft fram sem öndunarerfiðleikar á 4.–8. degi veikinda. Ef einstaklingar finna fyrir veikindum er þeim bent á að hringja í síma 1700 (fyrir erlend símanúmer +354 544-4113) varðandi nánari upplýsingar og hvernig þeir eigi að nálgast heilbrigðiskerfið.

Veikir einstaklingar eru sérstaklega beðnir um að mæta ekki á bráðamóttöku sjúkrahúsa eða á heilsugæslustöðvar nema að fengnum ráðleggingum í síma. Einstaklingar með grunsamlega eða


staðfesta sýkingu verða settir í einangrun skv. nánari leiðbeiningum. Einkennalausir einstaklingar sem hafa verið í samneyti við einstaklinga með staðfesta eða líklega sýkingu verða settir í sóttkví skv. nánari leiðbeiningum.

Sóttvarnalæknir vill hvetja einstaklinga á ferðalögum erlendis, sérstaklega á skilgreindum svæðum með smithættu að:

- Gæta vel að almennu hreinlæti, sérstaklega handþvotti
- Forðast náíð samneyti við einstaklinga sem eru með hósta og almenn kvefeinkenni.
- Forðast samneyti við villt dýr eða dýr á almennum mörkuðum.
- Nota pappír fyrir vit við hnerra þegar um kvefeinkenni er að ræða og þvo hendur reglulega.
- Láta heilbrigðisstarfsmenn vita um ferðir sínar ef einstaklingar þurfa að leita til heilbrigðiskerfisins hér á landi.

## Einkenni kórónuveiru (Covid-19)

Fyrstu einkenni eru lík kvefi og seinni einkenni líkjast helst influensúsýkingu: **hösti, hiti, beln- og vöðvaverkir, þreyta** o.s frv. COVID-19 getur einnig valdið alvarlegum veikindum með neðri **öndunarfararsýkingum** og **lungnabólgu**, sem koma oft fram sem öndunarerfiðleikar á 4 –8. degi veikinda



### Munurinn á kórónaveirusýkingu og influensu

Einkenni hinnar nýju kórónaveirusýkingar geta verið svipuð influensu í upphafi sjúkdóms. Einkenni influensunnar koma oftast snögglega og lýsa sér með hita, hósta, hálssærindum, höfuðverk, vöðvaverkjum og almennri vanlíðan.

**Samskiptaleiðir – mikilvæg símanúmer**

**Neyðarlínan 112** <http://www.112.is/>

**Læknavakt 1770 og 1700** [http://www.112.is/samstarfsadilar/la\\_eknavaktin-1770/](http://www.112.is/samstarfsadilar/la_eknavaktin-1770/)

**Almannavarnir 112** <http://www.almannavarnir.is/>

**HSU 432-2000** [www.hsu.is](http://www.hsu.is)

**Embætti landlæknis og sóttvarnalæknir 510-1900 og 510-1933** [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

**Rauði krossinn vinalínan fyrir sálrænan stuðning 1717** [www.raudikrossinn.is](http://www.raudikrossinn.is)